

Fundargerð aukaaðalfundar SSA haldinn 4. júní 2026

Fundurinn var haldinn í Þingmúla, hótél Valaskjálfi á Egilsstöðum og hófst 11.30.

Dagskrá fundarins var á vef Austurbrúar.

1. Setning aukaaðalfundar, skipun fundarstjóra og ritara

Berglind Harpa Svavarsdóttir, fráfarandi formaður SSA, setti aukaaðalfundinn kl. 11.30 og bauð fundarmenn og gesti velkomna. Hún bar upp tillögu um Gunnar Jónsson sem fundarstjóra og Hlyn Jónsson sem fundarritara. Tillagan samþykkt samhljóða.

Gunnar tók við stjórn fundarins og fór yfir dagskrá og staðfesti lögmæti hans en boðað var til fundarins með ríflega viku fyrirvara, skv. 3. gr. samþykktar SSA.

Fundarstjóri staðfesti því næst kjörbréf og sagði mætingu kjörinna fulltrúa vera í samræmi við kjörbréfin sem bárust fyrir fundinn.

Fljótsdalshreppur: 2 mættir fulltrúar með samtals 115 atkvæði

Múlaþing: 11 mættir fulltrúar með samtals 5228 atkvæði

Fjarðabyggð: 9 mættir fulltrúar með samtals 5235 atkvæði

Vopnafjarðarhreppur: 3 mættir fulltrúar með samtals 633 atkvæði

2. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri bauð formanni SSA að kynna skýrslu stjórnar.

Formaður fór yfir helstu verkefni fráfarandi stjórnar. Stjórnin hefði m.a. snemma ráðist í það verkefni að útbúa greiningu um mikilvægi Austurlands fyrir þjóðarbúið. Greiningin var unnin af Analytica og fóru viðbrögð fram úr björtustu vonum. Greiningin væri nú orðin landsþekkt. Þá hafi fundartími stjórnar verið lengdur um 30 mínútur í því skyni að skapa rými fyrir lykilaðila til þess að koma á fundi stjórnarinnar. Áhersla stjórnarinnar hefði verið aukin fjárfesting í innviðum á Austurlandi, sérstaklega hvað varðar samgöngur og fjarskipti, enda hefði landshlutinn setið eftir í forgangsröðun stjórnvalda síðustu ár. Hvatti hún verðandi stjórn til dáða í verkefnum framundan.

3. Kjör stjórnar

Fundarstjóri kynnti að til undirbúnings stjórnarkjörs hefði stjórn skipað kjörnefnd SSA sem í áttu sæti: Gunnar Jónsson, Hlynur Jónsson og Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir. Bauð fundarstjóri Aðalbjörgu að koma og kynna eftirfarandi tillögu að stjórn SSA 2026-2030.

Aðalfulltrúar:

Ragnar Sigurðsson, Fjarðabyggð
Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir, Fjarðabyggð
Jónína Brynjólfsdóttir, Múlaþingi
Helgi Hlynur Ásgrímsson, Múlaþingi,
Íris Edda Jónsdóttir, Vopnafirði
Lárus Heiðarsson, Fljótsdal.

Varafulltrúar:

Puríður Lillý Sigurðardóttir, Fjarðabyggð
Stefán Þór Eysteinnsson, Fjarðabyggð
Einar Freyr Guðmundsson, Múlaþingi
Ásrún Mjöll Stefánsdóttir, Múlaþingi
Stefán Guðnason, Vopnafjarðarhreppi
Halla Auðunardóttir, Fljótsdal

Fundarstjóri bað kjörna fulltrúa að greiða atkvæði með því að rétta upp hönd með atkvæði.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri tilkynnti að boðað yrði til fyrsta fundar nýrrar stjórnar síðar í júní.

4. Önnur mál

Jóhann F. Þórhallsson, fráfarandi fulltrúi Fljótsdalshrepps í stjórn SSA, kvað sér hljóðs og fór yfir sögu sveitarfélaga á Austurlandi og þann árangur sem hefur náðst í uppbyggingu, bæði í stóriðju og öðrum atvinnugreinum. Þar hefði samstaða sveitarfélaga skipt öllu máli. Þakkaði hann samstarfið í gegnum árin.

Framkvæmdastjóri færði fráfarandi stjórnarmönnum gjafir og þakkir í lok fundar. Fráfarandi formaður sleit fundi.

Fundi slitið 12:04.

Undirritunarsíða

Gunnar Jónsson



Undirritað af:
Gunnar Jónsson
2910658059
Dags: 16.06.2026
Tími: 12:02:48
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 63ec18ae-
58aa-417a-b4ed-
44706ecb9b43

Hlynur Jónsson



Undirritað af:
Hlynur Jónsson
3008882089
Dags: 16.06.2026
Tími: 10:53:50
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 63ec18ae-
58aa-417a-b4ed-
44706ecb9b43

Berglind Harpa Svavarsdóttir



Undirritað af:
Berglind Harpa
Svavarsdóttir
2811753009
Dags: 15.06.2026
Tími: 19:33:16
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 63ec18ae-
58aa-417a-b4ed-
44706ecb9b43